



71. ÁRSÞING  
FÉLAGSGARDI, KJÓS  
19. FEBRÚAR 1995

# ÞINGGERÐ

## 1995



# 71. Ársþing UMSK haldið í Félagsgarði, Kjós þann 19. febrúar 1995

## 1. Þingsetning

Svanur M. Gestsson formaður UMSK tók til máls og setti þingið. Hann bauð gesti og fulltrúa velkomna til þings.

Gestir þingsins voru Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson ritari ÍSÍ, Lovísa Einarssdóttir framkvæmdastjórn ÍSÍ, Sigurður Magnússon framkvæmdastjóri ÍSÍ, Stefán Konráðsson aðstoðar framkvæmdastjóri ÍSÍ, Ólína Sveinsdóttir stjórn UMFÍ og Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ.

## 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Svanur bar upp tillögu um Ólaf Magnússon, úr Dreng sem fyrsta þingforseta og Pál Aðalsteinsson, UMFA sem annan þingforseta. Var þessi tillaga samþykkt með lófaklappi.

## 3. Kosning þingritara

Þingforsetar tóku þegar til starfa og steig Ólafur Magnússon í pontu og þakkaði traustið. Þá bar hann upp tillögu um Einar Sigurðsson Breiðablik sem fyrsta þingritara og Sigurjón Guðfinnsson Keilufélagi Garðabæjar sem annan þingritara. Þessi tillaga var einnig samþykkt með lófaklappi.

## 4. Kosning þriggja manna kjörbréfaneftnar

Þá bar þingforseti upp tillögu um að Logi Kristjánsson Breiðablik, Hilmir Ágústsson Aftureldingu og Ingvar Árnason Gerplu yrðu kosnir í Kjörbréfanefnd. Engin mótframboð bárust og voru þeir því kjörnir.

## 5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Svanur M. Gestsson formaður UMSK flutti nú skýrslu stjórnar fyrir árið 1994. Hann rak efni skýrslunnar í stórum dráttum, en hún lá prentuð fyrir þinginu. Hann minntist sérstaklega á þátttöku UMSK í 21. Landsmóti UMFÍ.

## 6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Ari Hilmarsson framkvæmdastjóri sambandsins flutti reikninga sambandsins en þeir lágu fyrir prentaðir í skýrslu stjórnar.



## 7. Ávörp gesta

Fyrstur kvaddi sér hljóðs Ellert B. Schram forseti ÍSÍ. Hann þakkaði fundarmönnum fyrir þeirra góða starf í þágu Íþróttar og æsku landsins og sagði í því sambandi frá könnun sem greinir frá því að börn sem stunda Íþróttir standi sig betur í námi. Þá ræddi hann um hið nýja tölvukerfi ÍSÍ sem tekið hefur verið í notkun. Einnig minntist hann á Verkefnasjóð ÍSÍ sem veitir styrki sem snúa að almennum störfum í þágu Íþróttar- og æskulýðsmála, hann hvatti menn til þess að kynna sér reglur sjóðsins. Hann kvað skattamál Íþróttahreyfingarinnar hafa þróast í jákvæða átt. Þá bað hann menn um að standa vörð um Lottó sem hefur verið ein helsta tekjulind Íþróttahreyfingarinnar. Að lokum flutti hann kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ og starfsmönnum.

Næst steig í pontu Ólína Sveinsdóttir, flutti hún kveðjur frá formanni og stjórn UMFÍ og þakkaði mjög gott og ánægjulegt samstarf. Hún hvatti aðildarfélög UMSK til þess að sækja Unglingalandsmótið sem haldið verður á Blönduösi nú í sumar. Þá sagði hún frá umhverfisverkenfni UMFÍ sem er fyrirhugað nú í sumar og ungmennaviku í Hrafagnili sem verður í lok júní. Hún skýrði frá því að áframhald yrði á lýðveldishlaupinu nú í sumar en þó í breyttri mynd. Þá sagði hún frá 22. Landsmóti UMFÍ sem haldið verður í Borgarnesi 1997 og frá þeim undirbúningi sem þegar er hafinn hjá UÍA vegna landsmóts á austurlandi 2000 eða 2001. Að lokum þakkaði Ólína fyrir góða skýrslu sem bæri vott um öflugt starf.

## 8. Álit kjörbréfa-nefndar

Ingvar Árnason flutti niðurstöðu kjörbréfanefndar. Alls bárust 14 kjörbréf. Samkvæmt þeim áttu 54 fulltrúar rétt á setu en 37 voru mættir. Einnig bárust kjörbréf fyrir fulltrúa frá tveimur félögum sem hafa sótt um aðild og voru þau samþykkt með fyrirvara um að félögin yrðu samþykkt í sambandið.

Golfklúbbur Bakkakots  
Sævar Pálsson

Golfklúbbur Ness  
Gunnar G. Gunnarsson

Handknattleiksfélag Kópavogs  
Þorsteinn Einarsson  
Sigurjón Sigurðsson  
Óskar Elvar Óskarsson  
Albert H.N. Valdimarsson  
Ólafur Briem  
Sigvaldi Einarsson  
Rögnvaldur Guðmundsson  
Sæunn Sævars dóttir



Hestaspróttafélagið Hörður  
Örn Harðarson  
Jóhanna Hreinsdóttir  
Eyðís Þorbjörg Indriðadóttir

Íþróttadeild Andvara  
Sveinn Gaukur Jónsson  
Halldór H. Halldórsson

Íþróttadeild Gusts  
Sævar Krisjánsson  
Magnús Ólafsson

Íþróttafélagið Gerpla  
Margrét Guðmundsdóttir  
Ingvar Árnason  
Auður Gunnarsdóttir  
Erlendur Tryggvason  
Óskar Einarsson  
Helga Ólafsdóttir  
Kristján Erlendsson

Íþróttafélagið Grótta  
Gísli Birgisson  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Ómar Benediktsson  
Gunnar Lúðvíksson

Knattspyrnufélagið Augnablik  
Árni Þór Birgisson

Skotfélag Kópavogs  
Steinar Einarsson

Tennisfélag Kópavogs  
Hanna Ásvaldsdóttir

Umf. Afturelding  
Valdimar Leó Friðriksson  
Anna Gísladóttir  
Hilmir Ágústsson  
Jóna Þorvarðardóttir

Umf. Breiðablik  
Logi Kristjánsson  
Hreinn Bergsveinsson  
Jón Ingi Ragnarsson  
Sveinn Ingvason



Gunnar Ragnarsson  
Valgeir Ólafsson  
Ólína Sveinsdóttir  
Hraunar Daníelsson  
Ester Jónsdóttir

Umf. Drengur  
Hermann Ingólfsson

Umf. Kjalnesinga  
Bjarni Kjartansson  
Erlingur Sigurgeirsson

Umf. Stjarnan  
Lárus L. Blöndal  
Páll Grétarsson  
Pálína Hinriksdóttir  
Marta Jörgensen  
Helga Sigurbjarnadóttir  
Bergþóra Sigmundsdóttir  
Gunnar V. Johnsen  
Elísabet Böðvarsdóttir  
Jón Ólafsson

## 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Birgir Ari Hilmarsson kynti þær umsóknir sem lágu fyrir þinginu, en greinargerðir lágu fyrir í skýrslu stjórnar. Þingforseti bar síðan umsóknirnar undir atkvæði.

Golfklúbburinn Oddur	Samþ. samhljóða.
Íþróttadeild Sóta	Samþ. samhljóða
Knattspyrnuf. Augnablik	Samþ. samhljóða
Golfklúbbur Ness	Samþ. samhljóða
Íþr.félag aldraðra Kópavogi	Samþ. með meginþorra atkv.

## 10. Umræður um skýrslu stjórnar

Sigurður Magnússon framkvæmdastjóri ÍSÍ kvað sér hljóðs og þakkaði sambandinu gott starf. Þá óskaði hann sambandinu til hamingju með hin nýju félögum sem tekin höfðu verið inn. Hann sagði það vera tímamótasamþykkt að veita Íþróttafélagi aldraðra inngöngu í Íþróttahreyfinguna og það væri jákvætt fyrir hreyfinguna alla. Þá greindi hann frá því að hann myndi láta af störfum framkvæmdastjóra ÍSÍ um næstu áramót og vildi nota tækifærið til þess að þakka gott samstarf, en hann kvaðst einmitt hafa stigið sín fyrstu skref í Íþróttum á sambandsvæði UMSK.

Næstur kom í ræðustól Birgir Ari Hilmarsson og vildi hann vekja athygli á því að í upptalningu á félögum í skýrslunni væru merki þeirra félaga sem hefðu sent inn merki síns félags og vildi hann gjarnan sjá þar merki allra félaganna. Því bað hann það sem hefðu í fórum sínum merki sem vantar í skýrsluna að senda sér þau við fyrsta tækifæri.

## 11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Enginn kvað sér hljóðs um reikninga sambandsins og bar því Ólafur Magnússon þingforseti þá upp til atkvæða og voru þeir samþykkir samhljóða.

Anna Margrét Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri umhverfisverkefnis UMFÍ, kom þá í pontu og kynnti fyrir fundarmönnum umhverfisverkefni sem UMFÍ er að hleypa af stokkunum. Verkefnið sem ber yfirskriftina "Umhverfið í okkar höndum" fer formlega af stað þann 5. júní, á alþjóðlegum umhverfisdegi. Hún vakti athygli á ráðstefnu sem halda á þann 26. febrúar um verkefnið. Að lokum hvatti hún alla ungmannafélaga til þátttöku í verkefninu.

Páll Aðalsteinsson, annar þingforseti steig þá í pontu og vildi nota tækifærið til að þakka stjórn UMSK fyrir góða og vandaða skýrslu, hann sagði skýrsluna bera með sér gott og öflugt starf innan sambandsins. Þá fagnaði hann hinum nýju félögum og þá sérstaklega hinu nýja spróttafélagi aldraðra í Kópavogi.

Ólina Sveinsdóttir, stjórn UMFÍ kvað sér hljóðs og veitti Hraunari Danielssyni sem verið hefur í stjórn UMSK til margra ára, Starfsmerki UMFÍ. Hún sagði Hraunar hafa sýnt í fjölmörg ár mjög gott og fórnfést starf fyrir UMSK sem og ungmannafélagshreyfinguna alla og merkið væri veitt honum sem þakklætisvottur fyrir hið óeigingjarna starf sem hann hefur unnið.

## 12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Skipað var í eftirtaldar nefndir til starfa á þinginu og voru nefndarmenn eftirtaldir:

1. Fjárhagsnefnd	
Páll Grétarsson	Stjarnan formaður
Albert H.N. Valdimarsson	HK
Árni Þór Birgisson	Augnablik
Bjarni T. Álfþórsson	Grótta
Erlendur Tryggvason	Gerpla
Gunnar Ragnarsson	Breiðablik
Hanna Ásvaldsdóttir	TFK
Helga Sigurbjarnadóttir	Stjarnan
Hermann Ingólfsson	Dreng
Lárus Blöndal	Stjarnan
Logi Kristjánsson	Breiðablik
Steinar Einarsson	Skotf. Kóp
Sævar Pásson	GOB
Valdimar Leó Friðriksson	UMFA



2.	Íþróttanefnd		
Auður Gunnarsdóttir	Gerpla	formaður	
Anna Gísladóttir	UMFA		
Elísabet Böðvarsdóttir	Stjarnan		
Erlingur Sigurgeirsson	UMFK		
Eydís Indriðadóttir	Hörður		
Gísli Birgisson	Grótta		
Gunnar Gunnarsson	NK		
Halldór Halldórsson	Andvari		
Hreinn Bergsveinsson	Breiðablik		
Pálína Hinrikssdóttir	Stjarnan		
Sveinn Ingvason	Breiðablik		
Sævar Kristjánsson	Gustur		

3.	Allsherjarnefnd		
Bergþóra Sigmundsdóttir	Stjarnan	formaður	
Bjarni Kjartansson	UMFK		
Gunnar V. Johnsen	Stjarnan		
Hilmir Ágústsson	UMFA		
Jóhanna Hreinsdóttir	Hörður		
Jón Ólafsson	Stjarnan		
Jón Ingi Ragnarsson	Breiðablik		
Kristján Erlendsson	Gerpla		
Magnús Ólafsson	Gustur		
Marta Jörgensen	Stjarnan		
Ómar Benediktsson	Grótta		
Sveinn Gaukur Jónsson	Andvari		
Valgeir Ólafsson	Breiðablik		

4.	Kjörnefnd		
Gunnar Lúðvíksson	Grótta	formaður	
Ingvar Ármason	Gerpla		
Jóna Þorvarðardóttir	UMFA		

### 13. fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram

Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri, flutti  
fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Pingskjal nr. 2**Fjárhagsáætlun 1995****Tekjur:**

Útbreiðslustyrkur	1.800.000
Getraunir	700.000
Lottó 5/38	2.500.000
Skattur aðildarfélaga	1.000.000
	<u>6.000.000</u>

**Gjöld:**

Rekstur skrifstofu	2.500.000
Þing og sérráð	500.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Framlag í landsmótssjóð	500.000
Annar kostnaður	2.200.000
Styrkir Mótahald Unglingalandsmót	
	<u>6.000.000</u>

*Vísað til fjárhagsnefndar***14. Laga og leikreglnabreytingar lagðar fram**

Engar laga- eða reglugerðabreytingar lágu fyrir þessu ársþingi.

**15. Aðrar tillögur lagðar fram**

Eftirfarandi tillögur frá stjórn UMSK voru lagðar fyrir þingið.

Pingskjal nr. 3

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaranámskeið í hinum ýmsu íþróttareinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

*Vísað til íþróttanefndar*Pingskjal nr. 4

71. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

*Vísað til allsherjarnefndar*



Pingskjal nr. 5

71. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélöganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

*Vísað til fjárhagsnefdar*

Pingskjal nr. 6

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til almennrar þátttöku í 2. Unglingalandsmóti UMFÍ sem fram fer á Blönduósi 14. - 16. júlí 1995 og sýna með því styrk sinn og samstöðu.

*Vísað til íþróttanefndar*

Pingskjal nr. 7

71. Ársþing UMSK... hvetur stjórnvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

*Vísað til allsherjarnefndar*

Pingskjal nr. 8

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til hefja nú þegar undirbúning fyrir þátttöku í 22. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Borgarnesi 1997 og stefna með því að sigri.

*Vísað til íþróttanefndar*

Pingskjal nr. 9

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til almennrar þátttöku í umhverfisverkefninu “Bætt umgengni um hafið, stendur, ár og vötn landsins”.

*Vísað til allsherjarnefndar*

Pá var lögð fram svohljóðandi tillaga frá Loga Kristjánssyni:

Pingskjal nr. 10

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélög til að standa vörð um Íslenska getspá (Lottó) og efla getraunasölu. Ársþingið hvetur stjórn Íslenskrar getspár til að treysta tengslin við félögini með því að setja upp lottókassa hjá þeim eftir því sem frekast er unnt.

*Vísað til allsherjarnefndar*

## Hádegisverðarhlé

Í matarhléi var snæddur hádegisverður í boði Kjósarhrepps. Eru þeim færðar hinar bestu þakkar fyrir góðan mat. Við það tækifæri ávarpaði xxxxxxxxx oddviti hreppsnefndar þingfulltrúa.

Í hádegisverðarhléinu voru að venju veittar viðurkenningar til afreksfólks á sviðum íþróttá- og félagsmála innan sambandsins. Svanur M. Gestsson formaður UMSK afhenti eftirtaldar viðurkenningar:

### Félagmálaskjöldur UMSK:

Hafsteinn Pálsson	UMFA
-------------------	------

### Afreksbikar UMSK:

Ásta B. Gunnlaugsdóttir	Breiðablik
-------------------------	------------

### Frjálsíþróttabikar UMSK:

Unnar Garðarsson	Breiðablik
------------------	------------

### Sundbikar UMSK:

Þorvaldur S. Árnason	UMFA
----------------------	------

### UMFÍ-bikarinn:

M.fl. kvenna í knattspyrnu	Breiðablik
----------------------------	------------

### Starfsmerki voru sæmd:

Helga Sigurbjarnadóttir	Stjarnan
Sævar Kristjánsson	Gustur

Eftirtalda átti einnig að sæma starfsmerki en voru ekki mættir og verður þeim afhent merki við fyrsta tækifæri:

Höskuldur Gunnarsson	Drengur
Hreinn Jónasson	Breiðablik
Jón Þór Bjarnason	Gerpla

Pá fengu að þessu sinni tveir menn sem unnu ómælda vinnu fyrir UMSK á landmótinu s.l. summar, áletraðar fánastangir sem þakklæti fyrir aðstoðina:

Einar Vilhjálmsson	
Árni Þorvaldsson	

## 16. Nefndarstörf

Eftir hádegisverðarhlé tóku nefndir til starfa, um þær tillögur og málefni sem til þeirra var vísað. Gengu nefndarstörf vel fyrir sig og þeir sem ekki höfðu verið tilnefndir í nefndir settust í þá nefnd sem þeir höfðu mestan hug á.



## 17. Afgreiðsla á áliti nefnda

Ólafur Magnússon, þingforseti kallaði þingheim saman að nýju og kallaði nefndarformenn í pontu til að skila áliti nefnda.

### Allsherjarnefnd:

Bergþóra Sigmundsdóttir flutti álit allsherjarnefndar. Lagði hún til að þingskjöl nr. 4, 7 og 10 yrðu samþykkt óbreytt en þingskjal nr. 9 með viðbót frá nefndinni. Þá lagði hún áherslu á að viðkomandi aðilum verði birt þingskjölin. Síðan las hún þingskjölin upp í heild sinni með áorðnum breytingum.

Enginn kvað sér hljóðs um þingskjöl nr. 4, 7, 9 og 10 og bar þingforseti þau til atkvæða.

### Pingskjal nr. 4

71. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórmarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

*Samþykkt samhljóða*

### Pingskjal nr. 7

71. Ársþing UMSK... hvetur stjórnvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

*Samþykkt samhljóða*

### Pingskjal nr. 9

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennrar þátttöku í umhverfisverkefninu "Bætt umgengni um hafið, strendur, ár og vötn landsins". Stjórn UMSK skipi þriggja manna nefnd sem sjái um framkvæmd og skipulagningu umhverfisverkefnisins á svæði UMSK.

*Samþykkt samhljóða*

### Pingskjal nr. 10

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélög til að standa vörð um Íslenska getspá (Lottó) og efla getraunasölu. Ársþingið hvetur stjórn Íslenskrar getspár til að treysta tengslin við félögin með því að setja upp lottókassa hjá þeim eftir því sem frekast er unnt.

*Samþykkt samhljóða*

### **Íþróttanefnd:**

Auður Gunnarsdóttir kom næst í ræðustól og kynnti þær umræður sem fóru fram í íþróttanefnd og álit nefndarinnar. Nefndin lagði til að þingskjal nr. 3 og 8 væri samþykkt óbreytt en þingskjal nr. 6 breytingum. Siðan las hún upp tillögur nefndarinnar í heild sinni.

Þingforseti opnaði nú umræður um þingskjöl nr. 3, 6 og 8.

Ólina Sveinsdóttir ræddi um þingskjal nr. 6 og hvatti til góðrar þátttöku félaga innan UMSK undir einu merki.

EKKI báðu fleiri um orðið og bar þingforseti tillögur nefndarinnar til atkvæða með breytingum á þingskjali 6.

### **Þingskjal nr. 3**

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til að halda dómaranámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

*Samþykkt samhljóða*

### **Þingskjal nr. 6**

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til almennrar þátttöku í 2. Unglingalandsmóti UMFÍ sem fram fer á Blönduósi 14. - 16. júlí 1995 og hvetur stjórn UMSK til að kynna aðildarfélögunum vel þátttöku og keppnisreglur unglingslandsmótsins sem fyrst.

*Samþykkt samhljóða*

### **Þingskjal nr. 8**

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til hefja nú þegar undirbúning fyrir þátttöku í 22. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Borgarnesi 1997 og stefna með því að sigri.

*Samþykkt samhljóða*

Áður en formaður fjárhagsnefndar fékk orðið greindi þingforseti frá kjörbréfi sem hefði verið að berast frá siglingafélaginu Ými. Þeir eiga rétt á tveimur fulltrúnum og eru tveir mættir, Páll Hreinsson og Ólafur Bjarnason. Kjörbréf Ýmis var boríð til atkvæða og var það samþykkt samhljóða.

**Fjárhagsnefnd:**

Páll Grétarsson kynnti niðurstöður fjárhagsnefndar. Sagði hann nefndina ekki sjá ástæðu til að gera breytingar á þingskjölum þeim sem nefndin fjallaði um.

Enginn kvað sér hljóðs um niðurstöður fjárhagsnefndar og bar þingforseti þingskjöl nr. 2 og 5 til atkvæða.

**Pingskjal nr. 5**

71. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

*Samþykkt samhljóða*

**Pingskjal nr. 2****Fjárhagsáætlun 1995****Tekjur:**

Útbreiðslustyrkur	1.800.000
Getraunir	700.000
Lottó 5/38	2.500.000
Skattur aðildarfélaga	1.000.000
	<u>6.000.000</u>

**Gjöld:**

Rekstur skrifstofu	2.500.000
Ping og sérráð	500.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Framlag í landsmótssjóð	500.000
Annar kostnaður	2.200.000
Styrkir Mótahald Unglingalandsmót	
	<u>6.000.000</u>

*Samþykkt samhljóða*

**18. Önnur mál**

Hafsteinn Pálsson, ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ bað um orðið og lagði til við stjórn UMSK að athuga með sérstakar viðurkenningar til dómara. Þá vakti hann athygli á samdrætti í sölu á Lottóí og bað menn að standa vörð um þennan mikilvæga tekjulið íþróttahreyfingarinnar.

Steinar Einarsson flutti stutta kynningu um Skotfélag Kópavogs. Í máli sínu nefndi hann slæma stöðu skotíþróttarinnar á svíði barna- og unglingsstarfs vegen strangra reglugerða um skotvopn, og bað stjórn UMSK um stuðning við að hægt verði að leyfa unglingum að iðka skotfimi á vegum skotfélaga. Hann vakti athygli á því að um mjög vinsæla íþróttagrein er að ræða. M.a. er skotfimi eina greinin sem stunduð er bæði á summar- og vetrarólympíuleikum.

Hraunar Daníelsson, varaformaður UMSK steig næstur í pontu. Hann greindi frá því í máli sínu að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs og þakkaði stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf sem og óskarði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Þá notaði hann tækifærið og þakkaði UMFÍ fyrir starfsmerkið sem honum var veitt á þinginu.

Valdimar Leó Friðriksson tók til mál og hvatti til þátttöku í unglingslandsmóti. Þá vildi hann að UMFÍ hefði nánara samstarf við sérsamböndin t.d. KSÍ varðandi landsmót, svo ekki komi til árekstra varðandi keppnisdaga. Að lokum lagði hann til að UMSK kallaði saman framkvæmdastjóra félaganna innan UMSK til skrafs og ráðagerða.

Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri UMFÍ þakkaði góða skýrslu og starfsamt þing. Þá hvatti hann fulltrúa til þess að líta við á þjónustumíðstöð UMFÍ og kynna sér þá þjónustu sem þar er í boði.

Bergþóra Sigmundsdóttir varaði við því að ungmennafélagshreyfingin beitti sér fyrir aldursbreytingu varðandi beitingu skotvopna og sagði að lágmarksaldur þeirra sem notuðu skotvopn ætti ekki að vera yngri en átján ár.

Steinar Einarsson ítrekaði að aðeins væri um að ræða notkun skotvopna undir mjög ströngu eftirliti reyndra manna á lokaðum svæðum. Þá sagði hann það mjög til ama fyrir skotíþróttina að ekki væri hægt að byrja að þjálfa ungmenni eins og gert væri í öðrum íþróttagreinum.

Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri UMSK kynnti hugmyndir um two fyrirlestra sem UMSK fyrirhugar í marsmánuði annars vegar fyrir gjaldkera og hins vegar fyrir alla forystumenn aðildarfélaga.



## 19. Kosningar

Ingvar Árnason fluttí tillögur kjörnefndar um kosningu í stjórn UMSK, endurskoðendur og dómstól.

Formaður:

Svanur M. Gestsson

Tveir stjórnarmenn til tveggja ára:

Ester Jónsdóttir  
Örn Harðarson

Þrí menn í varastjórn til eins árs:

Albert H.N. Valdimarsson  
Sigurjón Guðfinnsson  
Sturlaugur Tómasson

Tveir endurskoðendur:

Ólina Sveinsdóttir  
Gunnar Páll Pálsson

Tveir endurskoðendur til vara:

Kristján Sveinbjörnsson  
Hafsteinn Pálsson

Einn aðalmaður í dómstól til þriggja ára:

Magnús Harðarson

Einn varamaður í dómstól til þriggja ára:

Jón Ingi Ragnarsson

Engar aðrar tillögur komu fram og hlutu því allir ofangreindir kosningu til þeirra starfa sem að ofan er getið.

Páll Aðalsteinsson, annar þingforseti þakkaði þingheimi góð störf og gaf nýkjörnum formanni orðið.

## 20. Pingslit

Svanur M. Gestsson steig í pontu og þakkaði það traust sem honum var sýnt með endurkjöri. Hann þakkaði enn fremur samstjórnarfólk sínu og Hraunari Danielssyni fyrir hans góðu störf í stjórn UMSK og bauð Sturlaug Tómasson velkominn til starfa í varastjórn. Þá þakkaði hann þingfulltrúum, gestum og starfsmönnum þingsins fyrir góða fundarsetu og óskaði öllum góðrar heimferðar. Að því búnu sleit hann þingi kl. 15:00.



# Tillögur samþykktar á 71. ársþingi UMSK

## Þingskjal nr. 2

### Fjárhagsáætlun 1995

#### Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	1.800.000
Getraunir	700.000
Lottó 5/38	2.500.000
Skattur aðildarfélaga	<u>1.000.000</u>
	<u>6.000.000</u>

#### Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.500.000
Þing og sérráð	500.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Framlag í landsmótssjóð	500.000
Annar kostnaður	2.200.000
Styrkir Mótahald Unglingalandsmót	<u>6.000.000</u>

## Þingskjal nr. 3

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaranámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

## Þingskjal nr. 4

71. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

## Þingskjal nr. 5

71. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.



Pingskjal nr. 6

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennar þátttöku í 2. Unglingalandsmóti UMFÍ sem fram fer á Blönduösi 14. - 16. júlí 1995 og hvetur stjórn UMSK til að kynna aðildarfélögum vel þátttöku og keppnisreglur unglingslandsmótsins sem fyrst.

Pingskjal nr. 7

71. Ársþing UMSK... hvetur stjórnvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

Pingskjal nr. 8

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til hefja nú þegar undirbúning fyrir þátttöku í 22. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Borgarnesi 1997 og stefna með því að sigri.

Pingskjal nr. 9

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennar þátttöku í umhverfisverkefninu "Bætt umgengni um hafið, strendur, ár og vötn landsins". Stjórn UMSK skipi þriggja manna nefnd sem sjái um framkvæmd og skipulagningu umhverfisverkefnisins á svæði UMSK.

Pingskjal nr. 10

71. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélög til að standa vörð um Íslenska getspá (Lottó) og efla getraunasölu. Ársþingið hvetur stjórn Íslenskrar getspár til að treysta tengslin við félögin með því að setja upp lottókassa hjá þeim eftir því sem frekast er unnt.



# Lög og reglugerðir UMSK





# Lög Ungmennasambands Kjalarneßings

## 1. gr. Heiti og sam- bandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarneßings, skammstafað UMSK. Sambandsvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

## 2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og spróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

## 3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrir sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

## 4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptishá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

## 5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

## 6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðirétt þótt þeir séu ekki kjörmir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

## 7. gr. Réttur til þingsetu

Á heraðspingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- Íþróttafulltrúi ríkisins.
- Endurskoðendur.
- Meðlimir fastanefnda.
- Starfsmenn sambandsins.
- Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á heraðspingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

## 8. gr. Dagskrá heraðspings

Störf heraðspings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

- Pingsetning.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á áliti nefnda.
- Önnur mál.
- Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
  - Kosning formanns.
  - Kosning tveggja stjórnarmanna.
  - Kosning þriggja manna í varastjórn.
  - Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
  - Kosning í heraðsdómstól.
- Pingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á two eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

**9. gr. Aukaþing**

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihlutí kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

**10. gr. Stjórn**

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur two endurskoðendur og two til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákvæða þætti starfsins, telji hún þess þörf. Skylt er stjórninni að halda fund með formönum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

**11. gr. Hlutverk  
stjórnar**

Stjórin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

**12. gr. Héraðsdómstóll**

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kýs ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

**13. gr. Lagabreytingar**

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefnar sem skal vera ein af fastanefnum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

**14. gr. Atkvæðamagn  
við  
lagabreytingar**

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.



## 15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- |                                         |            |
|-----------------------------------------|------------|
| a) Samþykkt héraðsbings UMSK:           | 1992-02-09 |
| b) Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ:  | 1992-10-29 |
| c) Staðfesting framkvæmdastjórnar UMFÍ: | 1993-01-21 |

*Hraunar Daníelsson, tekur við starfsmerki UMFÍ á 71. ársþingi UMSK.*



*Hafsteinn Pálsson, með félagsmálaskjöld UMSK.*





# Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

## 1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

## 2. gr. Viðurkenningar

1. **Starfsmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögini.
2. **Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögini.
3. **Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. **Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og / eða aðildarfélög verulega.
5. **Félagsmálaskjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. **Afreksbikar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. **UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. **Frjálsíþróttabikar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. **Sundbikar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.



# Reglugerð um sérnefndir UMSK

## 1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iökendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

## 2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iökendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

## 3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

## 4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

## 5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á svíði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

## 6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárvkuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

## 7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK
- Siglinganefnd UMSK
- Sundnefnd UMSK



# Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

Formaður	Svanur M. Gestsson	UMFA	S. 566-6944
Varaf.	Ester Jónsdóttir	Breiðablik	S. 554-4158
Ritari	Guðrún Magnúsdóttir	UMFA	S. 566-7124
Gjaldkeri	Margrét Guðmundsd.	Gerpla	S. 565-6351
Meðstj.	Örn Harðarson	Hörður	S. 566-6359
Til Vara:			
	Albert Valdimarsson	HK	S. 555-2832
	Sigurjón Guðfinnsson	KGB	S. 567-2026
	Sturlaugur Tómasson	Breiðablik	S.



Stjórn UMSK kjörin á  
71. ársþingi UMSK  
í Félagsgarði, Kjós

